



## ÚRSKURÐAR- OG AGANEFND LH

Úrskurður 2/2024

### ÚRSKURÐUR

Á fundi sem haldinn var þann 16. ágúst 2024, fjallaði Úrskurðar- og aganefnd um atvik sem varðar Bjarna Sveinsson, en hann fékk samtals fimm gul spjöld á móti hestamannafélagsins Jökuls, sem var haldið dagana 25. júlí til 28. júlí 2024. Annars vegar fékk keppandinn tvö gul spjöld í forkeppni í tölti T3 fullorðinsflokki, þar sem hann tók þátt á hestinum Fidelíus frá Laugardælum og hins vegar þrjú gul spjöld á hestinum Sturla frá Bræðratungu í forkeppni í fullorðinsflokki í A-flokki gæðinga.

#### Málsatvik

Mótaskýrsla vegna ofangreinds móts barst nefndinni þann 29. júlí 2024. Í mótaskýrslu kemur fram að keppandinn Bjarni Sveinsson hafi fengið samtals fimm gul spjöld á mótinu. Annars vegar hafi hann fengið tvö gul spjöld á hestinum Fidelíus frá Laugardælum í forkeppni í fullorðinsflokki í tölti T3, fyrir grófa reiðmennsku. Hins vegar hafi keppandinn fengið þrjú gul spjöld á hestinum Sturla frá Bræðratungu í forkeppni í fullorðinsflokki í A-flokki gæðinga, fyrir einstaklega grófa niðurtöku í skeiðsýningu. Í mótaskýrslunni segir nánar:

*“Knapinn Bjarni Sveinsson sem keppti á mótinu fékk 5 gul spjöld á hestinum Fidelíus frá Laugardælum í tölti T3 fullorðinsflokki, þar fékk hann 2 gul spjöld fyrir grófa reiðmennsku og einnig í A flokki gæðinga á hestinum Sturla frá Bræðratungu þar fékk hann 3 gul spjöld fyrir einstaklega grófa niðurtöku í skeiðsýningu og voru þau tilkynnt opinberlega á mótinu af þul.”*

Málið var til til umfjöllunar á fundi nefndarinnar þann 7. ágúst 2024, í þeim tilgangi að ákvarða viðurlög vegna ofangreinds brots, samanber 8. mgr. gr. 4.3 Reglugerðar um mótahald á Íslandi.

Í G) lið gr. 4.2.4 í Reglugerð um mótahald á Íslandi, kemur fram að sýni keppandi ósanngjarna eða ruddalega meðferð á hesti, á eða utan vallar, geti það varðað (i) áminningu sem ekki er gerð opinber, (ii) áminningu sem gerð er opinber (og verður þá birt á heimasíðu LH og FEIF), eða keppnisbanni.

Ofangreint var tilkynnt keppandanum með tölvupósti dagsettu þann 1. ágúst 2024 og honum gefin kostur á því að koma á framfæri skriflegum mótmælum eða athugasemdum. Keppandi svaraði þann sama dag og staðfesti um móttöku tölvupóstsins en hann hefur ekki komið á framfæri athugasemdum.

#### Niðurstaða

Dómarar mótsins gáfu keppandanum Bjarna Sveinssyni samtals fimm gul spjöld vegna grófrar reiðmennsku og vegna einstaklega grófrar niðurtöku á skeiðsýninu, á móti hestamannafélagsins Jökuls sem var haldið dagana 25. júlí til 28. júlí 2024. Keppandanum gafst tækifæri á að koma á framfæri athugasemdum í málinu en það gerði hann ekki.

Að mati Úrskurðar- og aganefndar felur framangreind háttsemi keppandans Bjarna Sveinssonar í sér brot á G) lið gr. 4.2.4 Reglugerðar um mótahald á Íslandi, þ.e. keppandinn sýndi ruddalega meðferð á hesti á keppnisvelli.



## ÚRSKURÐAR- OG AGANEFND LH

---

Það er niðurstaða Úrskurðar- og aganefndar að viðurlög við broti þessu skuli vera þau að keppandinn fái viðvörun/áminningu sem er gerð opinber, samanber ákvæði gr. 4.2.3 og 4.2.4 í Reglugerð um mótahald á Íslandi.

### ÚRSKURÐARORÐ

Keppandinn Bjarni Sveinsson fær áminningu sem er gerð opinber.

Reykjavík 16. ágúst 2024

Ólafur Haraldsson, formaður

María Júlía Rúnarsdóttir

Pétur Örn Sverrisson